

# Í SAMBANDI

FRÉTTABRÉF JOHAN RÖNNING FEBRÚAR 2007

MEÐAL EFNIS:

- OPNUN SELFOSSI
- SVEINSPRÓFSSTYRKIR
- NÝIR STARFSMENN
- RAFSTAÐLARÁÐ
- ARKITEKTABÆKLINGUR
- NETSTIGAR
- AKSTURSÞJÓNUSTA



JOHAN  
RÖNNING



## Johan Rönning opnar nýtt útibú

Föstudaginn 16 febrúar sl. opnaði Johan Rönning sitt fjórða útibú á landsbyggðinni, að Eyrarvegi 67 á Selfossi. Útibúið er allt hið glæsilegasta og sérhæfir sig í rafbúnaðarheildsölu fyrir fagaðila. Undanfarið mánuð hefur verið unnið hörðum höndum að breytingum og lagfæringum á húsnæðinu og ber öllum saman um að til hafi tekist eins og best verður á kosið. Það voru einkum starfsmenn Johan Rönning hf sem báru hitann og þungann af framkvæmdunum en heimamenn voru þó kallaðir til þegar á þurfti.

Í tengslum við opnun útibúsins hafa tveir starfsmenn verið ráðnir, þeir Guðbrandur Einarsson rekstrarstjóri og Herbert Viðarsson sölumaður.

Af því tilefni var haldin opunarveisla sem margir tóku þátt í, húsakynnin skoðuð og boðið upp á veitingar.

Fyrir starfrækir fyrirtækið útibú á Akureyri, Reyðarfirði og í Reykjanesbæ.



**Guðbrandur Einarsson** hefur verið ráðinn sem rekstrarstjóri Johan Rönning á Selfossi. Guðbrandur, sem í daglegu tali er kallaður Bubbi, er Þorlákshafnarbúi og hefur gríðarlega reynslu af raflögnum. Hefur hann verið í bransanum frá árinu 1974 og á þeim tíma m.a. rekið eigin rafverktakafyrirtæki. Hann fékk löggildingu árið 1977. Guðbrandur hefur lokið fjölda námskeiða tengdri greininni m.a. í stýringum, iðntölvum og brunapéttingum. Eitt helsta áhugamál Guðbrands er laxveiði og veit hann fátt betra en að eyða frídögum í ánni.

Selfossbúinn **Herbert Viðarsson** hefur verið ráðinn sölumaður á Selfossi. Herbert, kallaður Hebbi af félögum sínum, hefur sveinspróf í prentsmíði ásamt því að hafa lokið námi í grafískri hönnun. Herbert hefur einnig rekið eigin auglýsingastofu á Selfossi. Herbert er mikill áhugamaður um knattspyrnu og er m.a. í stjórn knattspyrnudeildar Selfoss. Hann er einkar músikalskur og starfaði áður sem bassaleikari í hljómsveitinni Skítamóral sem flestir ættu að þekkja. Herbert hóf störf hjá félaginu í janúar.



**Ása Brynja Reynisdóttir** hefur verið ráðin við birgðastýringu hjá félaginu. Ása er viðskiptafræðingur að mennt með áherslu á vörustjórnun. Hún starfaði áður hjá Vodafone í sölu, þjónustu og innheimtu. Hennar helstu áhugamál eru útivera, hjólreiðar, fjallgöngur og þess háttar. Ása hóf störf í janúar.

Eyfirðingurinn **Friðbjörn Benediktsson** var ráðinn rekstrarstjóri Johan Rönning á Akureyri í janúar síðastliðnum. Friðbjörn er raf- og rekstrariðnfræðingur frá Tækniháskóla Íslands. Friðbjörn hefur mikla reynslu í faginu og hefur m.a. unnið hjá Rafhönnun og Raftáknum. Hans helstu styrkleikar eru almennar raflagnir, lýsingakerfi ásamt fjarskipta- og öryggiskerfum. Friðbjörn hóf störf um miðjan febrúar.



## Aðalfundur SART 9. mars á Grand Hótel

Aðalfundur SART verður haldinn þann 9. mars nk. á Grand Hótel Reykjavík. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa mun á fundinum verða kynnt nýtt samskiptakerfi er varðar rafræn samskipti rafverktaka, Neytendastofu og orkufyrirtækjanna. Þá mun Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra flytja ávarp.

# Nýr staðall á raflagnasviði

Nýr staðall á raflagnasviði, ÍST 200 raflagnir bygginga, tók gildi 1. janúar 2006 en fagmenn á rafmagnssviði hafa lengi beðið eftir honum. Það var árið 2000 sem Löggildingarstofa, nú Neytendastofa, samdi við Gunnar Ámundason verkfræðing um þýðingu á rafmagnsstöðlunum IEC 60364 /CENELEC HD 384 sem Alþjóða raftækniráðið IEC og Evrópsku rafstaðlasamtökin CENELEC gefa út. Staðlarnir eru hátt í fjögur hundruð blaðsíður og fjalla um raflagnir í byggingum og munu koma í stað lágspennuhluta reglugerðar um raforkuvirki. Þá samdi Löggildingarstofa einnig við Staðlaráð Íslands um yfirferð og útgáfu á fyrrnefndri þýðingu.

### Reglugerðir vísa í staðla

Undanfarin ár hefur tíðkast að samdar væru tæknilegar reglugerðir á sviði rafmagnsöryggismála þar sem kveðið var á um tæknilegar útfærslur raforkuvirkja, raflagna og rafbúnaðar. Á tíunda áratug síðustu aldar varð breyting á. Í stað þess að gefa út reglugerðir um tæknileg atriði er lúta að rafmagnsöryggi hafa stjórnvöld á rafmagnsöryggissviði í Evrópulöndum í æ ríki mæli gefið út almennar reglugerðir og vísað í evrópska staðla þar sem kveðið er á um tæknilegar útfærslur.

Reglugerð um raforkuvirki er dæmi um tæknilega reglugerð sem notuð hefur verið af íslenskum fagmönnum á rafmagnssviði um árabil. Reglugerðin er hins vegar orðin nokkuð úrelt og ekki lengur í takt við reglur annarra Evrópuþjóða á sviði rafmagnsöryggis. Þess vegna var ákveðið að þýða þá staðla sem nauðsynlegir eru svo unnt verði að uppfæra fyrrnefnda reglugerð og færa í

nútímalegt horf.

Staðallinn ÍST 200 er gott dæmi um þetta og mun án efa nýttast vel fagmönnum á rafmagnssviði hér á landi eins og hliðstæðir staðlar hafa nýst fagmönnum í nágrannalöndum okkar um árabil.

### Fyrstu 1000 eintökin niðurgreidd

Neytendastofa hefur ákveðið að niðurgreiða fyrstu 1000 eintök staðalsins. Það er gert til þess að stuðla að sem mestri notkun hans hjá fagmönnum á rafmagnssviði. Staðallinn mun því kosta 9.514 kr. m/vsk í stað 15.998 kr. allt þar til fyrstu 1000 eintökin verða seld. Rétt er að benda á að þó að búið sé að gefa staðalinn út þá mun Neytendastofa að öllum líkindum ekki vísa til hans í reglugerð fyrir en síðar á árinu. Þar kemur tvennt




til. Ákveðið hefur verið að biða eftir útgáfu leiðbeiningarrits sem Rafstaðlaráð (RST) vinnur að og mun væntanlega koma út á árinu. Í því eru ákvæði staðalsins skýrð frekar og ætti það að verða fagmönnum á rafmagnssviði ómetanlegt hjálpargagn. Einnig þarf að gefa skólum nokkurt ráðrúm til þess að undirbúa námsefni áður en staðallinn verður tekinn í notkun.

Rafiðnaðarmenn eru hvattir til að ná sér í eintak á þessum góðu kjörum og kynna sér staðalinn í tíma til að vera betur undirbúnir fyrir breytingarnar. Hægt er að pantabókina á vefsíðu Staðlaráðs, [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is), í síma 520 7150 eða fá hana með því að heimsækja okkur að Laugavegi 178 þar sem við erum til húsa. JÓ/ss

## Arkitektabæklingur

Í janúar kom út fyrsti Arkitektabæklingur Johan Rönning sem er liður okkar í að auka þjónustu við hönnuði. Í bæklingnum verða kynntar nýjungar frá birgjum okkar þar sem lögð verður áhersla á lýsingu, gæði og fallega hönnun. Í fyrsta tölublaði var þemað skrifstofulausnir, kynnt var nýja verðlaunalínan element frá Melis, nýjungar frá Thorn og Thorsman auk myndar frá nokkrum verkefnum sem Johan Rönning hefur séð um að útvega efni í síðustu misseri. Bæklinginn má nálgast í búðum okkar. Ef þú hefur áhuga á að fá eintak sent, hafðu þá samband við Steinunni [sa@ronning.is](mailto:sa@ronning.is) eða Marc [mc@ronning.is](mailto:mc@ronning.is).



## Styrkir til sveinsprófsnema

Undanfarin ár hefur Johan Rönning styrkt þá nema sem hyggjast taka sveinspróf í rafvirkjun. Styrkurinn hefur falist í því að Johan Rönning leggur þeim til það efni sem þeir þurfa í verklega hluta prófsins og er þetta liður í því að stýðja við nýliðun í rafvirkjun. Það hafa um 90 sveinsprófsnema nýtt sér þennan styrk og er það fyrirtækinu mikil ánægja að leggja þeim lið í þessum efnum. Sveinsprófsþakki fæst afhentur gegn staðfestingargjaldi sem síðan er endurgreitt þegar honum er skilað til baka.





## Við komum til þín!

Johan Rönning býður upp á **útkeyrslujónustu** til viðskiptavina á Höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, í Reykjanesbæ og Fjarðarbyggð.

**Sparaðu** tíma, pantaðu vörur hjá sölumönnum okkar og láttu okkur svo **keyra vöruna til þín**.

Nánari upplýsingar er að finna hjá sölumönnum okkar í síma **5 200 800** eða á **ronning.is**.



**JOHAN RÖNNING**  
www.ronning.is



## Skiptilykill með skralli frábær nýjung

Vandaðir og öflugir skiptilyklar með skralli.  
Henta sérlega vel þar sem erfitt er að komast að.  
Hágæða verkfæri sem kagar ekki og skemmir ekki bolta og rær.  
Fæst í tveimur stærðum 150 og 200 mm.  
Prófið og sannfærast.

Vörunúmer RA150 & RA200.



## Netstigar

Með DEFEM netstigum verður kapallagningin auðvelt verk. Þrjár upphengjur og tvö verkfæri er allt sem þú þarft. CombiRack er frábær lausn bæði fyrir kapla og búnað. Allt sýnilegt og aðgengilegt. Fullkomin yfirsýn. Einfaldar og auðskiljanlegar leiðbeiningar. Efnisstyrkur, sveigjanleiki og fjölbreytni. DEFEM hefur þetta allt. Með DEFEM finnur þú bestu lausnina. Prófað og vottað. Tryggir örugga lausn.



## Rofadósir fyrir brunaveggi

Rauðu rofadósirnar frá ELKO uppfylla kröfur samkvæmt E 30 og E 60.

- Stíllanlegur festihringur auðveldar ísetningu í gífsveggi
- Fáanlegar með festiramma með tvöfaldri dýpt
- Stútar fyrir 16 mm og 20 mm rör
- Halógenfríar
- Breið lína af dósnum og fylgihlutum